

FORSÆTISNEFND 13. maí 2020: Tillaga um að kanna fýsileika þess að texta fundi borgarstjórnar með talgreini - R20050137

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði að kanna kostnað og fýsileika þess að fundir borgarstjórnar verði textaðir sjálfkrafa með notkun talgreinis.

Greinargerð

Tækni til að greina talað mál hefur mjög fleygt fram seinustu ár. Alþingi hefur nú til dæmis tekið í notkun talgreini sem aðstoðar við uppritun á ræðum þingmanna. Sömu tækni er unnt að nota til að texta vef- og sjónvarpsútsendingar. Beinast við er að athuga hvort borgarstjórn geti farið að fordæmi þingsins og nýtt sér sambærilega lausn.

Ræður borgarfulltrúa voru jafnan ritaðar upp þangað til fyrir nokkrum árum þegar því var hætt sökum kostnaðar. Með notkun talgreinis væri hægt að birta aftur ritaðar ræður borgarfulltrúa sem myndi auðvelda leit í þeim og fleira. Svipuð tækni gæti gert fleirum mögulegt að fylgjast með fundum borgarstjórnar, til dæmis með því að birta jafnóðum texta með útsendingunni. Þannig myndi það nýtast þeim sem heyrja illa eða ekki eða þeim sem vilja getað fylgs með fundum borgarstjórnar án þess að hafa kveikt á hljóðinu. Lagt er til að ÞON skoði þær tæknilausnir sem í boði eru, hvernig þær gætu tengst núverandi og útsendingarlausnum, og skili niðurstöðu sem nýst gæti í ákvarðanatöku framundan og fjárhagsáætlunargerð næsta árs.